

sp.

105. Tillaga

til þingsályktunar um áfengisvarnir.

Flutningsm.: Jón Guðnason, Ingvar Pálmason.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að verða þegar í stað við beiðni þeirra bæjarstjórna í kaupstöðum utan Reykjavíkur, sem óska eftir, að lögð verði niður útsala á vínnum.
2. Að leita nú þegar nýrra viðskiftasamninga við Spánverja á bannlagagrundvelli.
3. Að gera ráðstafanir til, að hætt verði þegar í stað að lána út vin eða vinanda úr áfengisverslun ríkisins.
4. Að birta eftir lok hvers ársfjórðungs í Lögbirtingablaðinu nákvæma skýrslu um það, hve mikið áfengi hver lyfjabúð og læknir hefir fengið og látið úti á undangengnum þrem mánuðum, samkvæmt lyfseðlum eða á annan hátt. Þar skal og tilgreind heildartala þeirra lyfseðla, er hver læknir hefir gefið út. Um hjeraðslækna skal tilgreina sjerstaklega áfengisnotkun i hlutfalli við mannfjölda í hjeraði þeirra.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að mikil óánægja er ríkjandi meðal þjóðarinnar, og eigi að ástæðulausu, út af því, hvernig tekist hefir til um framkvæmd bannlaganna. Má telja vist, að það sje krafa mikils meiri hluta þjóðarinnar til þings og stjórnar, að gerðar sjeu ráðstafanir til að ráða gagngerða bót á því, sem áfátt er i þessu efni. Tillaga þessi er borin fram í því skyni að fjarlægja nokkrar af þeim orsökum, sem mestu þykja valda um drykkjuskap í landinu.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögu þessari í framsögu.